

Söguferðir



Mánud. 16. október: FI645 kl. 16:50-19:10 Kef - IAD (Washington DC).
Rúta bíður við flugstöð og ekið Gettysburg = 125 km.
Gist í Gettysburg. Kvöldverður og hvíld.

Þriðjud. 17. okt. Gettysburg – Lancaster = ca 90 km.
Förum um söguferðir í Gettysburg. Miðdegisverður og haldið til Lancaster. Komið þangað ca 17:00. Innskráning, kvöldverður og hvíld. Gist í Lancaster

Miðvikud. 18. okt. Eftir morgunverð heffjum við ferð með heimsókn til Amisbænda. Hér hefst okkar innlit í menningu Amis fólksins. Á bænum getur að líta geitur og ær, ógleymdum þarfasta þjóni hérbúenda, hjól eða „Amish-vespur”. Hér skoðum við líka skóla og kynnum okkur menntun þessa sérstæða samfélags. Við ökum síðan um sveitirnar með leiðsögumanni, ca. þriggja tíma ferð með nokkrum stöppum þar sem okkur gefst kostur á að kynnst enn frekar siðum og venjum Amish fólksins; skoðum býli og bústofn, afurðir þeirra í smáum sölubúðum, smökkum kannski á þeirra viðfrægu mjúku kringlum, kíkjum við í teppabúð og verslum kannski einhverja minjagrip. Væri ekki úr vegi að snæða kvöldverð á Amish-býli þar sem við gætum gætt okkur á grilluðum kjúklingi, svínakjötti, pylsum, ís og kringlum. Gist í Lancaster

Fimmtud 19. okt. Að loknum árbít skreppum við á heimamarkað fólksins sem hér býr. Þetta er bændamarkaður innan dyra í miðbænum. Við getum átt viðskipti við Amishbændur og Mennoníta. Hér eru blómasalar, bakarar og fiskkaupmenn. Þetta er ekki ferðamannastaður, hér versla heimamenn. Þegar við höfum spankúlerað um markaðinn höldum við í ca 3 tíma rannsóknarferð. Við gerum stöpp við handverksverslun, skoðum teppi og annað handverk heimamanna. Að lokinni heimsókn lítum við inn til járnsmiðs sem vinnur járn að hætti forfeðra sinna. Hér munum við líka fá tækifæri til að kynnst heimilishaldi, ræða kökubakstur við húsfreyjuna og kveðja með kökusýni og uppskriftir í vösum. Við gætum snarlað amískan miðdegisverð.
Gist í Lancaster

Föstud. 20. okt. Lancaster/ Frjáls dagur. Þetta er dagur til þess að njóta ferðar með þeim takti sem hverjum finnst best. Upplagt að kíkja í bútasaumsbúðir. Við höfum rútna til afnota sé hennar þörf. Gist í Lancaster

Laugard. 21. okt. Dagurinn helgaður Washington. Eftir morgunverð, ekki seinna en kl. 10, verður haldið til höfuðborgarinnar. Akstur ca. 180 km. Borgarskoðun. Gist Washington

Sunnud. 22. okt. Þessi dagur verður helgaður bandarískri sögu með áherslu á landsföðurinn sjálfan George Washington (1732-1799). Við ökum á óðalsbýli hans, Mount Vernon (ca. 30 mín. akstur) og njótum leiðsagnar staðarhaldara. Á leiðinni til baka komum við, við í borginni Alexandríu og finnum kanski skemmtilegt veitingahús. Gist Washington

Mánud. 23. okt. Við skráum okkur út af hóteli ekki seinna en 12 og ökum áleiðis á flugvöll. Brottför er áætluð kl. 20:40. Á leiðinni á flugvöll stoppum við hjá vínræktarbónda (Winery at Bull Run) þar sem við kynnum okkur framleiðslu síðustu ára. Njótum friðar og fegurðar og látum ferðaþreytuna líða úr okkur áður en við höldum í hann. Komum á flugvöll ekki síðar en 18:20 skráum okkur inn vonandi öll með bros á vör og hugann hlaðinn fallegum minningum eftir vel heppnaða ferð.

Flug Mánud. 23. október: IAD-KEF, FI644 kl. 20:35-06:30.

Verð fyrir einstakling í Bútasauðfélaginu 360.000 kr. (í tvíbýli).

Verð fyrir einstakling sem ekki eru í Bútasauðfélaginu 380.000 kr. (í tvíbýli)

Innifalið:

Flug og flugtengd gjöld

Hótel með morgunverði

1 nótt í Gettysburg.

4 nætur Lancaster Pennsylvania

2 nætur Washington DC

Rúta sækir okkur á flugvöll og verður með okkur mestan part ferðarinnar. Skilar okkur svo á flugvöll ca 2 tímum fyrir brottför.

Söfn, samkvæmt dagskrá.